

Nemendafélag Patreksskóla

Nemendafélag Patreksskóla starfar skv. 10.gr. laga um Grunnskóla.

Nemendafélag:

Við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum.

Markmið nemendafélagsins í skólanum er að þar geti nemendur unnið að félagshagsmuna- og velferðarmálum nemenda og:

1. Þroskist félagslega
2. Verði hæfari að lifa og starfa í lýðræðisþjóðfélagi
3. Geti tjáð skoðanir sínar með eðlilegum hætti og unnið með öðrum að þroskandi viðfangsefnum.

Kosningar:

Í stjórn nemendafélagsins eru kosnir nemendur í 6. – 10. bekk, einn úr hverjum bekk.

Stjórnin lætur nemendur fylgjast með hvað er verið að gera og hvað er framundan, t.d. með því að setja fundargerðir inn á heimasíðu skólans eða með heimsóknum í bekk. Stjórnin tekur einnig við hugmyndum og/eða athugasemdum vegna starfseminnar. Stjórnin kýs sér formann á fyrsta fundi ár hvert, en skiptir að öðru leyti með sér verkum, s.s. kýs ritara. Fundargerð skal rituð á hverjum fundi.

Stjórnin getur komið með tillögu um fulltrúa nemenda í Skólaráð skólans. Umsjónarmaður nemendafélagsins kemur úr röðum starfsfólks skólans. Hans hlutverk er að halda utan um starfsemina, stjórna fundum, skipuleggja viðburði, kenna fundarsköp og lýðræðisleg vinnubrögð.

Stjórn Nemendafélags Patreksskóla 2020 – 2021:

10. bekkur: Díana Sól Jakobsdóttir

9. bekkur:

8. bekkur: Bartosz Jan Czubaj

7. bekkur: Oliwia Sienkiewicz

6. bekkur: Halldór Smári Heimisson

Umsjónarmaður: María Ósk Óskarsdóttir

Uppfært í mars 2021, ÁSG.